



Borgarholtsskóli

VIÐHORFSKANNANIR
NEMENDA

HAUSTIÐ 2020

Efnisyfirlit

1. Helstu frávik.....	3
1.1 Nýnemar.....	3
1.2 Eldri nemendur.....	4
2. Samanburður vissra þátta milli hópa	5
2.1 Andrúmsloft skólans og kennarar	5
2.2 Heimanám og námsálag.....	6
2.3 Fjarkennsla	6
2.4 Hvað finnst nemendum búið að vera mest krefjandi á þessari önn?	7
2.5 Líðan nemenda.....	8
3. Niðurstöðurnar í heild sinni 2020.....	10
3.1 Viðhorfskönnun nýnema.....	10
3.2 Viðhorfskönnun eldri nema	20

Viðhorfskönnun nemenda Borgarholtsskóla 2020

Opið var fyrir viðhorfskannanir nemenda í dagsskóla Borgarholtsskóla á haustönn 2020 dagana 15. – 21. október. Markmiðið með þessum könnunum er að kanna viðhorf nemenda á ýmsum þáttum skólastarfsins en þær hafa verið lagðar í tvennu lagi fyrir nemendurna annars vegar fyrir nýnema og hins vegar fyrir eldri nemendur. Tilgangurinn með því að hafa þetta tvískipt er að ná betur að aðgreina vissa þætti í svörum þessara hópa.

Almennt varðandi þátttökuna og úrtakið sem byggt er á í niðurstöðum þessum þá er þátttaka nýnema í könnuninni 60% en hún var lögð fyrir 247 nemendur og af þeim fjölda bárust svör frá 146. Þetta er nokkuð dræmari þátttaka en árið á undan en haustið 2019 var þátttakan 73%. Fjöldi eldri nemenda sem könnunin var lögð fyrir, þ.e. annarra en nýnema, var 853 en af þeim fjölda bárust svör frá 349 nemendum eða 41% sem er svipuð þátttaka og árið á undan þegar hún var 42%. Ákjósanlegt væri að ná betri þátttöku til að niðurstöðurnar endurspegli viðhorf nemenda skólans sem best.

Uppbygging skýrslunnar er:

1. Samantekt á helstu frávikum þegar kannanirnar eru bornar saman við árið á undan.
2. Samanburður vissra þátta milli hópa, annars vegar er byggt á niðurstöðum viðhorfskannana nýnema þetta ár og hins vegar niðurstöðum viðhorfskannana eldri nemenda. Um er að ræða ákveðið úrtak en ekki tæmandi talningu.
3. Að lokum eru birtar spurningarnar í heild sinni í báðum könnunum og svörunin tekin saman.

Ljóst er að yfirstandandi kórónuveirufaraldur hefur sett mark sitt á skólastarfið og sýnir það sig meðal annars í því að skólastarfið hefur þurft að taka á sig aðra mynd en áður, meðal annars hefur skólinn tekið upp fjarkennslu þónokkrum mæli og hafa stjórnendur, starfsmenn og nemendur aðlagð sig að breyttum aðstæðum. Ljóst er að töluverður munur er á milli svara nýnema annars vegar og eldri nema hins vegar en það væri áhugavert að kanna það nánar hverju það sætir. Fyrirgreindur munur endurspeglast bæði í svarhlutfalli og þegar litið er til einstakra þátta líkt og farið verður yfir hér á eftir í kafla 2. Nemendur, sérstaklega nýnemar, virðast leita í stuðning frá foreldrum og forráðamönnum sínum í auknum mæli líkt og kemur fram í kafla 1.1. Áhugavert væri að fylgja þessu eftir og kanna viðhorf foreldra og það bakland sem nemendur skólans hafa. Þá hafa einnig komið góðar ábendingar í kjölfar kannananna eins

og að bæta við spurningum um kyn þeirra sem svara og braut. Jafnframt kom gagnleg ábending frá nemanda varðandi spurninguna „*Námið og kennslan á minni braut henta nemendum af hvaða kyni sem er.*“ Ábendingin snéri að því hvernig spurningin er orðuð og henni verður breytt í kjölfarið, líkt og nemandinn benti á hefði eftirfarandi orðalag verið heppilegra „*Kennsluumhverfið hentar mínu kyni.*“ Nýnemar virðast almennt upplifa móttökur skólans góðar, andrúmsloftið í skólanum er gott og kennarar almennt taldir sanngjarnir og jákvæðir. Haldi skólaárið 2020-2021 aftur á móti áfram að markast af kórónuveirunni þá er æskilegt að athuga hvort hægt sé að minnka hlutfall þeirra nemenda sem eiga erfitt með að takast á við fjarkennsluna, sérstaklega eldri nemendur. Að lokum þarf að nú sem áður að huga vel að líðan nemenda almennt í skólanum.

1. Helstu frávík

Varðandi kannanirnar sjálfar þá voru þær að mestu leyti byggðar á eldri könnunum sem lagðar voru fyrir nemendur síðasta haust og því má bera þær saman og sjá viðhorfsbreytingar milli ára hjá nemendum. Viðmiðið í þessari skýrslu hvað varðar stærri frávík er um það bil 10 prósentustig eða meira á milli ára og eru þau dregin saman hér í þessum kafla.

1.1 Nýnemar

Hvað varðar nýnemana þá komu stærstu frávikin hjá þeim fram í eftirfarandi spurningum:

„*Mér finnst góður vinnuandi / vinnufriður í kennslustundum.*“ 87% eru mjög eða nokkuð sammála því að það sé góður vinnuandi og vinnufriður í kennslustundum. Þegar það er síðan borið saman við árið á undan, þá má greina hækkun um 12 prósentustig frá sömu könnun sem lögð var fyrir 2019, en þá var hlutfall þeirra sem voru sammála 75%. Áhugavert er að skoða þetta í samhengi við þær breytingar á kennslufyrirkomulagi vegna þeirra aðstæðna sem upp hafa komið sökum afleiðinga kórónuveirunnar en kennslan hefur í auknum mæli farið fram í fjarkennslu.

„*Mér finnst gott að foreldrar / forráðamenn mínir fylgist vel með hvernig gengur í skólanum.*“ 75% þeirra sem svara spurningunni voru annað hvort mjög eða nokkuð sammála sem er 15 prósentustiga aukning frá árinu 2019 þegar hlutfallið var 60%. Af þessu má draga þá ályktun að nemendur treysti ef til vill betur á stuðning foreldra eða forráðamanna sinna í náminu.

„Ég tel félagsstarf á vegum nemendafélagsins mikilvægt.“ Að mati 59% þeirra sem svör bárust frá er félagsstarf á vegum nemendafélagsins mikilvægt en samkvæmt svörum nemenda í könnuninni ári áður þá voru aðeins 31% sem sögðust taka þátt í félagsstarfinu. Hér má því greina 28 prósentustiga hækkun. Þann varnagla verður þó að setja við þessa niðurstöðu að orðalagi spurningarinnar var breytt á milli áranna en hún var áður „ég tek þátt í félagsstarfi á vegum nemendafélagsins.“ Að því rituðu má ef til vill túlka niðurstöðurnar á þann veg að þær bendi til ríkari þarfar nemenda fyrir félagslíf, sem getur útskýrst af þeim breyttu aðstæðum sem nú eru uppi og hugsanlegri einangrun sem þeim fylgir.

„Skólinn hvetur nemendur til heilbrigðra lífshátta.“ 83% þeirra sem svöruðu eru sammála því að skólinn hvetji nemendur til heilbrigðra lífshátta sem er hækkun um 24 prósentustig miðað við síðasta ár þegar hlutfallið var 59%.

„Ég geng vel um skólann, þar á meðal í kennslustofum og mötuneyti.“ Fleiri nemendur segjast ganga vel um skólann og það hlutfall jókst um 17 prósentustig frá síðasta ári og er núna alls 95% nemenda sem svara því jákvætt. Samhliða þessu er 89% nýnema sem segjast ekki fara á útiskóm í bóknámshúsið sem er 17 prósentustiga aukning frá síðasta ári. Aðeins 4% nýnema gefa til kynna að þeir hafi verið inni á skónum, það hefur lækkað um alls 8 prósentustig en hlutfallið var 12% árið 2019.

1.2 Eldri nemendur

Stærstu frávikin hvað varðar eldri nemendur komu fram við eftirfarandi spurningar:

„Ég hef greiðan aðgang að umsjónakennara mínum.“ 58% svöruðu þessari spurningu jákvætt, sem er hækkun um 12 prósentustig frá árinu 2019 þegar 46% svöruðu sömu spurningu jákvætt. Samhliða þessu er áhugavert að nefna að 43% segja umsjónakennara sinn fylgjast með námsferlinum sínum sem er 9 prósentustiga hækkun frá árinu 2019 þegar hlutfallið var 34%.

„Ég finn fyrir kvíða í skólanum.“ Þegar kemur að kvíða hjá nemendum þá segja 44% þeirra sem svöruðu könnuninni finna fyrir kvíða í skólanum, um er að ræða rétt tæplega helming þeirra sem svöruðu en það er 11% prósentustigum hærra en árið 2019. Margir þættir geta spilað hér inn í en ef til vill má tengja aukið áreiti og álag á nemendur skólans vegna m.a. vegna áhrifa kórónuveirunnar og hugsanlega annarra atriða.

„Ég tel félagsstarf á vegum nemendafélagsins mikilvægt.“ 42% telja félagsstarfið vera mikilvægt en hlutfallið hækkaði um 12 prósentustig frá árinu 2019. Ákveðið var að breyta orðalagi fyrri könnunar varðandi félagsstarf en upprunalega var spurningin „ég tek þátt í félagsstarfi á vegum nemendafélagsins“ líkt og útskýrt var hér að ofan í kafla 1.1.

„Ég er ánægð/ánægður/ánægt með mötuneytið í skólanum.“ 23% nýnema segjast ánægð með mötuneyti skólans en það er lækkun um 15 prósentustig frá árinu 2019 þegar hlutfallið var 38%. Hægt er að rekja þessa breytingu þó til þess að mötuneyti skólans hefur að mestu verið lokað á önninni vegna sóttvarnarsjónarmiða.

„Ég gæti þess að hreyfa mig reglulega.“ Að lokum gætir 70% nemenda þess að hreyfa sig reglulega sem er 9 prósentustiga aukning frá árinu áður. 66% nemenda segja skólann auk þess hvetja nemendur til heilbrigðra lífshátta sem er 8 prósentustiga aukning frá árinu á undan þegar það var 58%.


2. Samanburður vissra þátta milli hópa

2.1 Andrúmsloft skólans og kennarar

Andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu að mati 79% nýnema sem er aðeins hærra hlutfall en árið 2019, eða alls 5 prósentustiga hækkun þegar það var 74%. Aftur á móti virðist aðeins lægra hlutfall eldri nemenda skólans vera sammála því, eða um 58% og er það mjög svipað árinu áður þegar hlutfallið var 59%. Ekki er úr vegi að tengja andrúmsloft skólans við það hvernig tekið er á móti nýnemum í skólanum en á haustönn 2020 var yfirgnæfandi meirihluti nýnema, eða 90% þeirra ánægð með hvernig var tekið á móti sér í skólanum. Þá má jafnframt geta þess að 70% nýnema sem svara segjast fá hrós þegar að þeir gera eitthvað vel í skólanum og aðeins 5% kannast ekki við það. Gefur það líka vísbindingu um mannauð skólans en þar má jafnframt nefna að meirihluti þeirra nemenda sem svöruðu viðhorfskönnuninni töldu kennara skólans almennt sanngjarna og jákvæða, nánar tiltekið 86% nýnema og 76% eldri nemenda. Þetta árið kom jafnframt inn ný spurning hvað varðar aðgengi að kennurum og öðrum starfsmönnum skólans sem m.a. snéri að því hvort nemendur teldu sig fá svör við tölvupóstum og öðrum fyrirspurnum innan ásættanlegra tímamarka. Stór hluti nýnema eða um 80% töldu aðgengi vera gott og 71% eldri nemenda.

2.2 Heimanám og námsálag

Tími sem fer að meðaltali í heimanám á hverjum degi hjá nemendum má sjá hér á myndunum fyrir neðan.



Greina má nokkra aukningu í tíma sem nemendur eyða í heimavinnu ef niðurstöðurnar eru bornar saman við viðhorfskannanir nemenda sem lagðar voru fyrir síðustu haustönn 2019. Algengast er þó að nemendur, nýnemar og eldri nemendur séu að eyða 1-2 klst. í námið á hverjum degi.

Varðandi námsálagið hjá nýnemum telja 60% þeirra álag á sér í náminu vera hóflegt en 8% eru aftur á móti á öðru máli og telja álagið óhóflegt. Tæplega þriðjungur þeirra sem svara taka ekki afstöðu til spurningarinnar, en það eru 32% hlutlausir. Þessi niðurstaða er sambærileg þeirri frá árinu á undan, en árið 2019 taldi 62% nýnema námsálag á nemendum vera hóflegt. Hvað varðar eldri nemendur er námsálagið hóflegt að mati 43% nemenda sem er svipað hlutfall og var á síðasta ári, nánar tiltekið er 4 prósentustiga lækkun frá árinu áður, hlutfallið árið 2019 var 47%. Hlutfall eldri nemenda á þessu ári sem þykir námsálagið óhóflegt hins vegar er 34% sem þó er nokkur hækkun frá árinu áður þegar það var 26%, eða um alls 8 prósentustig.

2.3 Fjarkennsla

Þetta árið var ákveðið að bæta inn spurningum þar sem viðhorf nemenda var kannað til fjarkennslunnar. Til þess ber þó að líta í þessu sambandi að magn fjarkennslu hjá nemendum er ólíkt eftir brautum. Í iðn- og starfsnámi, listnámi, á sérsnámsbraut og framhaldsskólabraut hefur stór hluti kennslunnar farið fram í staðbundinni kennslu á meðan nemendur bóknáms hafa stólað í mun meira magni á fjarkennslufyrirkomulagið, einkum eldri nemendur. Ekki er víst að ólíkir nemendahópar upplifi erfiðleika við fjarkennslu með sama hætti vegna þessa.


Líklegt er að þeir sem stunda lítið nám í fjarkennslu upplifi hana erfiðari en þeir nemendur eru orðnir vanari fjarkennslunni.

Fyrsta spurningin kom inn á það hvernig nemendum þykir sér almennt hafa gengið að nýta sér fjarkennsluna en nýnemum virðist ganga aðeins betur en eldri nemum ef marka má niðurstöðurnar. Þá taldi 79% nýnema sér almennt ganga vel að nýta sér fjarkennsluna á meðan aðeins 63% eldri nema svaraði því jákvætt. Hlutfall þeirra sem voru hins vegar ekki sammála var 12% nýnema og 26% eldri nemenda. Haldi óbreyttar aðstæður að einhverju leiti áfram út skólaárið 2020-2021 er líklega æskilegt að athuga hvort hægt sé að minnka þetta hlutfall.

Þá var ákveðið að greina viðhorf nemenda til fjarkennslu fyrirkomulagsins aðeins betur og spyrja annars vegar um tæknilega þáttinn af fjarkennslunni, t.d. að opna kennslustund og hins vegar hvernig nemendum gengi að taka virkan þátt í þeim tímum sem eru kenndir í fjarkennslu. Varðandi tæknilega hlutann þá var spurningin: „Tæknilega gengur mér vel að t.d. opna kennslustund og umræður í Innu“ en 85% nýnema svaraði því jákvætt og 74% eldri nema. Varðandi almenna þátttöku í tímum var spurningin: „Mér gengur vel að taka virkan þátt í tímum sem kenndir eru í fjarkennslu“ og sögðu 74% nýnema það ganga vel og 61% eldri nema. Athugasvert er að það er þó nokkur munur á þessum hópum sem ef til vill væri vert að athuga betur.


2.4 Hvað finnst nemendum búið að vera mest krefjandi á þessari önn?

Skipulag og einbeiting í fjarnámi virðist vera stór partur af þeim áskorunum sem nemendur skólans eru að kljást við þessa dagana líkt og sjá má á eftirfarandi mynd sem unnin er út niðurstöðunum.



Af þessu má álykta að skipulag og einbeiting í fjarnámi virðist vera hvað mest krefjandi fyrir nemendur skólans, bæði nýnema og eldri nemendur. Sú óvissa sem hefur verið eins og mara yfir samfélaginu virðist líka vera að ná til nemenda í einhverjum mæli en sá þáttur fylgir þeim áskorunum sem nemendur eru að takast á við vegna fjarnámsins fast á eftir.


Áhugavert er að bera þetta saman við svarhlutfallið hvað varðar nýtingu stuðningsþjónustu skólans þar sem nemendur svöruðu eftirfarandi spurningu „Ég nýti mér stuðningsþjónustu skólans þegar ég þarf á því að halda (náms- og starfsráðgjöf, aukatíma og þjónustu félags- og forvarnafulltrúa).“



Almennt virðast nemendur vera að nýta sér stuðningsþjónustu skólans en hins vegar virðist skólinn ekki vera að ná til allra sem mögulega þurfa á aðstoðinni að halda sem endurspeglast í hlutfalli þeirra nemenda sem svara spurningunni neikvætt, þ.e.a.s. 15% nýnema og 26% eldri nemenda.

2.5 Líðan nemenda

Mikilvægt er að huga að líðan nemenda og því var ákveðið að bæta inn almennri spurningu í báðar kannanirnar „Hvernig líður þér þessa dagana?.“



Þegar á heildina er litið er almenn líðan hjá nýnemum ágæt ef marka má niðurstöður könnunarinnar, 70% nýnema skólans líður mjög vel eða ágætlega, 17% líður hvorki vel né illa og 12% líður ekkert sérstaklega vel eða illa. Líðan eldri nemenda er ekki alveg jafn góð en 49%

eldri nema líður mjög vel eða ágætlega, 24% líður hvorki vel né illa og 27% líður ekki vel eða mjög illa.

Þegar kvíði er kannaður hjá nemendum á er niðurstaðan sú að 30% nýnema finna fyrir kvíða í skólanum en sú tala er nokkuð sambærileg þeirri sem kom fram í fyrra sem var 29%. Stór hluti eldri nemenda finnur fyrir kvíða í skólanum, eða alls 44% sem er 11 prósentustiga aukning frá árinu 2019 þegar hlutfallið var 33%. Hugsanleg skýring er aukið áreiti sem yfirstandandi heimsfaraldur hefur haft á nemendur og skólstarfið í heild á þessu ári. Eins má leiða hugann að því hvort aðrir þættir eins og stigvaxandi aukning nemenda á samfélagsmiðlum auki á félagslega einangrun nemenda og valdi kvíða. Rétt væri að huga að því í næstu könnun.

Nemendur virðast vera nokkuð meðvitaðir um mikilvægi hreyfingar og heilbrigðslífstíls en 83% nýnema segja skólann hvetja til heilbrigðra lífshátta sem er hækkun um 24 prósentustig miðað við árið 2019 þegar hlutfallið var 59%. Hvað varðar eldri nemendur þá eru 66% þeirra sem telja skólann hvetja nemendur til heilbrigðra lífshátta sem er 8 prósentustiga aukning frá árinu á undan þegar það var 58%. Varðandi hvort nemendur hreyfi sig reglulega þá má einnig greina aukningu í því en 85% nýnema svara því jákvætt sem er 9 prósentustiga aukning frá árinu á undan þegar hlutfallið var 76%. Varðandi eldri nemendur þá svara 70% þeirra því jákvætt sem er 9 prósentustiga aukning frá árinu 2019 þegar hlutfallið var 61%.


Áhyggjuefni er aftur á móti að það eru nemendur í skólanum sem upplifa einelti í skólanum. Hlutfallið er ekki hátt en þó segjast 4% nýnema hafa orðið fyrir einelti í skólanum, það er þó 5 prósentustiga lækkun frá árinu 2019. Hvað varðar eldri nemendur þá er hlutfallið 6% sem segist hafa orðið fyrir einelti nýlega og höfnun og útskúfun nefnd í athugasemdum með könnuninni. Samkvæmt þessum niðurstöðum er eitthvað um einelti í skólanum, þótt hlutfallið sé ekki hátt, og það er ástæða til þess að hafa augun opin fyrir því.

3. Niðurstöðurnar í heild sinni 2020


Við samantekt á niðurstöðunum er til einföldunnar settir saman svarmöguleikarnir *mjög sammála* og *nokkuð sammála* og það skilgreint sem *sammála*. Sama gildir um svarmöguleikana *frekar ósammála* og *mjög ósammála* sem eru skilgreindir sem *ósammála*.

3.1 Viðhorfskönnun nýnema


1. Ég var ánægð/ánægður/ánægt með hvernig tekið var á móti mér þegar ég byrjaði í skólanum




2. Andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu




3. Mér finnst kennarar í skólanum almennt sanngjarnir og jákvæðir




4. Það er gott aðgengi að kennurum og öðrum starfsmönnum skólans (ég fæ svar við tölvupóstum og fyrirspurnum á Innu innan ásættanlegra tímamarka svo dæmi séu tekin)




5. Ég er í góðu sambandi við umsjónarkennarann minn




6. Mér finnst aðstaða og búnaður til náms í skólanum góð




7. Kennsluhættir í skólanum eru fjölbreyttir




8. Mér finnst góður vinnuandi / vinnufriður í kennslustundum




9. Námsálag á nemendur er hóflegt




10. Ég fæ yfirleitt hrós þegar ég geri eitthvað vel í skólanum




11. Skólinn býr mig undir þátttöku í fjölbreyttu samfélagi




12. Skólinn vinnur gegn stöðluðum kynjamyndum, m.a. með fræðslu um jafnréttismál




13. Námið og kennslan á minni braut henta nemendum af hvaða kyni sem er




14. Skólinn eflir hæfni mína til að tjá mig og skilja aðra




15. Mér finnst nauðsynlegt að upplýsingar um námið í hverjum áfanga fyrir sig séu aðgengilegar í Innu




16. Mér gengur vel að nýta mér Innu




17. Ég fer reglulega inn á Innu til að fylgjast með viðveru minni, námsframvindu og skilaboðum




18. Mér finnst mikilvægt að standa mig vel í náminu




19. Ég er meðvitað / meðvitaður / meðvitað um að ég ber ábyrgð á námi mínu




20. Ég nýti mér stuðningsþjónustu skólans þegar ég þarf á því að halda (náms- og starfsráðgjöf, aukatíma og þjónustu félags- og forvarnafulltrúa)




21. Ég nýti mér VÖRÐUR til að íhuga stöðu mína í náminu




22. Mér finnst gott að foreldrar / forráðamenn mínir fylgist vel með hvernig mér gengur í skólanum




23. Ég hef orðið fyrir einelti hér í skólanum




24. Ég finn fyrir kvíða í skólanum




25. Ég tel félagsstarf á vegum nemendafélagsins mikilvægt




26. Ég er meðvitað / meðvitaður / meðvitað um andlega og félagslega líðan mína




27. Ég fæ tækifæri til að tjá viðhorf mín og taka þátt í lýðræðislegu samstarfi innan skólans




28. Skólinn hvetur nemendur til heilbrigðra lífshátta




29. Ég gæti þess að hreyfa mig reglulega




30. Hversu oft nærð þú að stunda líkamsrækt eða aðrar miðlungs / erfiðar æfingar (sem skv. hreyfiráðleggingum frá landlækni kalla fram hraðari hjartslátt og öndun jafnvel svita og mæði) og nær samanlagt yfir daginn að vera alls 30-60 mín.




31. Ég gæti þess að fá nægan svefn á hverri nóttu og næ að jafnaði




32. Ég gæti þess að borða hollan mat




33. Ég er ánægð / ánægður / ánægt með mötuneytið í skólanum




34. Ég geng vel um skólann, þar á meðal í kennslustofum og mötuneyti




35. Ég geng ekki á útiskóm í bóknámshúsi




36. Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag




37. Mér hefur almennt gengið vel að nýta mér fjarkennsluna




38. Tæknilega hefur mér gengið vel að komast inn í og opna fjarkennslu í gegnum Innu (t.d. opna kennslustund og umræður)




39. Mér gengur vel að taka virkan þátt í tímum sem kenndir eru í fjarkennslu




40. Ég tel upplýsingar frá skólanum um skólastarf og fyrirkomulag kennslu hafa verið skýrar



41. Hvað hefur verið mest krefjandi á þessari önn




42. Hvernig líður þér þessa dagana?




3.2 Viðhorfskönnun eldri nema


1. Andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu




2. Mér finnst kennarar í skólanum almennt sanngjarnir og jákvæðir




3. Það er gott aðgengi að kennurum og öðrum starfsmönnum skólans (ég fæ svar við tölvupóstum og fyrirspurnum á Innu innan ásættanlegra tímamarka svo dæmi séu tekin)




4. Ég hef greiðan aðgang að umsjónarkennara mínum




5. Umsjónarkennarinn minn fylgist með námsferli mínum




6. Umsjónarkennarinn minn hefur frumkvæði að samskiptum við mig




7. Mér finnst aðstaða og búnaður til náms í skólanum góð




8. Kennsluhættir í skólanum eru fjölbreyttir




9. Mér finnst góður vinnuandi / vinnufriður í kennslustundum




10. Námsálag á nemendur er hóflegt




11. Námið í skólanum eflir dómgreind mína og þjálfar gagnrýna hugsun




12. Skólinn eflir hæfni mína til að tjá mig og skilja aðra




13. Skólinn býr mig undir þátttöku í fjölbreyttu samfélagi




14. Skólinn vinnur gegn stöðluðum kynjamyndum, m.a. með fræðslu um jafnréttismál




15. Námið og kennslan á minni braut henta nemendum af hvaða kyni sem er




16. Mér finnst nauðsynlegt að upplýsingar um námið í hverjum áfanga fyrir sig séu aðgengilegar í Innu




17. Mér gengur vel að nýta mér Innu




18. Ég fer reglulega inn á Innu til að fylgjast með viðveru minni, námsframvindu og skilaboðum




19. Mér finnst mikilvægt að standa mig vel í náminu




20. Ég er meðvituð / meðvitaður / meðvitað um að ég ber ábyrgð á námi mínu




21. Ég nýti mér stuðningsþjónustu skólans þegar ég þarf á því að halda (náms- og starfsráðgjöf, aukatíma og þjónustu félags- og forvarnafulltrúa)




22. Ég nýti mér VÖRÐUR til að íhuga stöðu mína í náminu




23. Mér finnst gott að foreldrar / forráðamenn mínir fylgist vel með hvernig mér gengur í skólanum




24. Ég stefni að því að halda áfram námi eftir framhaldsskóla




25. Ég hef nýlega orðið fyrir einelti hér í skólanum




26. Ég finn fyrir kvíða í skólanum




27. Ef þú ert í vinnu með skólanum, finnst þér hún bitna á árangri þínum í námi?




28. Ég fæ tækifæri til að tjá viðhorf mín og taka þátt í lýðræðislegu samstarfi innan skólans




29. Ég tel félagsstarf á vegum nemendafélagsins mikilvægt




30. Ég er meðvituð / meðvitaður / meðvitað um andlega og félagslega líðan mína




31. Skólinn hvetur nemendur til heilbrigðra lífshátta




32. Ég gæti þess að hreyfa mig reglulega




33. Hversu oft nærð þú að stunda líkamsrækt eða aðrar miðlungs / erfiðar æfingar (sem skv. hreyfiráðleggingum frá landlækni kalla fram hraðari hjartslátt og öndun jafnvel svita og mæði) og nær samanlagt yfir daginn að vera alls 30-60 mín.




34. Ég gæti þess að fá nægan svefn á hverri nóttu og næ að jafnaði




35. Ég gæti þess að borða hollan mat




36. Ég er ánægð / ánægður / ánægt með mötuneytið í skólanum




37. Ég geng vel um skólann, þar á meðal í kennslustofum og mötuneyti




38. Ég geng ekki á útiskóm í bóknámshúsi




39. Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag




40. Ég tel upplýsingar frá skólanum um skólastarf og fyrirkomulag kennslu hafa verið skýrar




41. Mér hefur almennt gengið vel að nýta mér fjarkennsluna




42. Tæknilega hefur mér gengið vel að komast inn í og opna fjarkennslu í gegnum Innu (t.d. opna kennslustund og umræður)



43. Mér gengur vel að taka virkan þátt í tímum sem kenndir eru í fjarkennslu



44. Hvað hefur verið mest krefjandi á þessari önn



45. Hvernig líður þér þessa dagana?

